

Í vinnuhópnum sitja: Kristján Sturluson frá Rauða krossi Íslands, Sigrún Ingibjörg Gísladóttir frá Stúdentaráði HÍ, Ragnheiður Bóasdóttir og Guðrún Ögmundsdóttir frá menntamálaráðuneyti, Jón Þorsteinn Sigurðsson frá Ungmennahreyfingu Rauða krossins en hann er jafnframt formaður Landsambands æskulýðsfélaga, Gunnar Rafn Sigurbjörnsson og Geir Bjarnason frá Hafnarfjarðarbæ, Þorbjörn Jensson frá Fjölsmiðjunni í Kópavogi, Gísli Árni Eggertsson frá ÍTR og Ómar Örn Ólafsson frá Sambandi íslenskra framhaldsskólanema.

Þegar fjallað er um stöðu aldurshópsins 15–25 ára verður að undirstrika að staða einstaklinga á þessum aldri er mjög ólík. Svo horft sé fyrst til aldursins þá er staða fólks undir tvítugu önnur en þeirra sem eldri eru. Yngri hópurinn býr að stærstum hluta í foreldrahúsum og er í ólánshæfu námi. Fram að 18 ára aldri er réttur ungs fólks til náms einnig ótvíræður. Í eldri hópnum er fólk oft á tíðum búíð að stofna eigið heimili, komið með börn og ef það er í námi þá eru námslánin sú framfærsla sem það hefur.

Staða einstaklinga er líka ólík m.t.t. þátta eins og hvort viðkomandi stundi nám, atvinnu, sé atvinnulaus og fái atvinnuleysisbætur eða njóti framfærslustuðnings frá sveitarfélagi.

Líkt og fram hefur komið áður þá tengist umræðan mest námi og möguleikum ungs fólks til að stunda það þegar horft er til stöðu meirihluta. Þar er framboð, fjölbreytni og gæði náms sem er lykilatriði auk þess sem möguleikar til tekjuöflunar skipta höfuðmáli.

Vinnuhópurinn leggur enn áherslu á sömu þætti og fram komu í skýrslu í mars. Hvað sumarið varðar er ljóst að tíminn er naumur. Engu að síður þarf að halda áfram að setja aðgerðir af stað í sumar – sumarúrræði – sem hægt yrði að byggja á næsta sumar. Sem dæmi var nefnt gjaldfrjálst sumarnám sem gæfi einingar. Þegar horft er til sumarsins hafa verið gerðar ýmsar ráðstafanir. Sveitarfélög hafa aukið við framboð starfa fyrir ungt fólk og mörg sett það markmið að allir fái störf. Framboð á sumarnámi hefur verið aukið í háskólum og Samband íslenskra framhaldsskólanema hefur skipulagt sumarnám með stuðningi frá menntamálaráðuneyti og Reykjavíkurborg. Atvinnuleysi meðal ungmenna í sumar er samt sem áður meira en verið hefur undanfarin ár. Meðfylgjandi eru línu- og súlurit sem sýna þessa þróun.

Spár um ástand mála í haust virðast ætla að rætast og svo gæti farið að milli 2.000 og 3.000 ungmenni verði án vinnu eða skóla í haust. Mikilvægt er að viðbrögð í haust verði markviss. Þeir sem standa höllum fæti nú þegar gætu lent í erfiðari málum en ella. Koma þarf „strúktúr“ á úrræði ríkis, sveitarfélaga og hagsmunaaðila.

Nauðsynlegt er að horfa til lengri tíma, nokkur misseri í stað nokkurra vikna eða mánaða. Bæta þarf yfirlit um hinar ýmsu aðgerðir sem gripið hefur verið til. Nýta þarf þekkingu og úrræði sem eru til staðar, til dæmis reynsluna frá upphafi tíunda áratugarins, svo sem eins og Hitt húsið og þróa ný verkefni, hugsanlega tengd velferðarþjónustunni.

Nauðsynlegt er að forgangsraða eftir mismunandi aðstæðum og taka ákvarðanir. Málin þurfa nauðsynlega að komast af umræðustigi í aðgerðir. Huga þarf sérstaklega að stöðu ungs fólks af erlendum uppruna.

Ungt fólk virðist missa vinnuna fyrr en þeir sem eldri eru. Í lok maí voru 22,8% atvinnulausra á aldrinum 15–24 ára. Aukið atvinnuleysi ungs fólks í sumar og minni möguleikar á vinnu með námi þýðir að allnokkrum hópi verður illa kleift að hefja nám í framhaldsskóla eða háskóla (meðfylgjandi eru tillögur sem snúa að þessu). Má til dæmis benda á að erfiðleikar nemenda í heimavist að standa straum af þeim kostnaði sem því fylgir.

Í ljósi umræðu um inntöku nema í framhaldsskóla skal sérstaklega vakin athygli á stöðu þeirra sem sækja um að hefja nám eftir að hafa tekið sér námshlé. Útlit er fyrir að erfitt verði fyrir þessa einstaklinga að komast að í námi þar sem umsækjendur sem koma beint úr grunnskóla hafa forgang. Tölur um hversu marga er hér um að ræða liggja ekki fyrir.

Verkefni

- Mæta þarf að fullu umsóknum um skólavist í framhalds- og háskólum, bæði hvað varðar nýnema og þá sem hyggjast hefja nám eftir hlé.
- Ekki skera niður fjármagn til menntastofnana. Mikilvægt að fjölgun nemenda komi ekki niður á gæðum námsins.
- Þjóða upp á sumarönn í framhalds- og háskólum. Þegar þarf að byrja að horfa til ársins 2010.
- Efla félagslíf í skólunum og auka framboð á tólmundastarfi.
- Auka geðræna og læknisfræðilega aðstoð.
- Auka námsráðgjöf og forvarnastarf í skólum.
- Auka samstarf við stofnanir og félagasamtök (utan skólans) og styðja við störf ungs fólks á þeim vettvangi.
- Auka kennslu í stjórnun eigin fjármála nemenda og fræðslu um efnahagslífið.
- Setja upp námsver í skólum til að aðstoða nemendur í námi.
- Styðja sérstaklega við innflytjendur.
- Sjá til þess að allir nemendur hafi aðgang að fartölvu og Interneti í skólustarfi.
- Fjölga atvinnutækifærum með átaksverkefnum ríkis og sveitarfélaga.
- Endurskoða reglur sveitarfélaga um framfærslu þannig að gerð verði krafa um ákveðna virkni þeirra sem fá stuðning vegna framfærslu. Stýra þarf þessum hópi inn í jákvæðan og uppbyggilegan farveg, til dæmis í starfi með félagasamtökum. Tryggja þarf nægt framboð verkefna sem snúa að virkni. Enn rætt um skilyrði framfærslu sveitarfélaganna og kallað eftir raunverulegum, „alvöru“ verkefnum sem ungt fólk taki að sér og sjái árangur vinnu sinnar. Þar þarf einnig að forgangsraða.
- Taka þarf á hækkandi húsaleigu (vegna vísitölubindingar) á stúdentagörðum. Hækka húsaleigubætur. Hækka námslán og greiða þau út mánaðarlega.
- Verkalýðshreyfing og símenntunarstöðvar, ásamt framhaldsskólum, starfi saman að málefnum atvinnulauss ungs fólks um hvernig auka má kunnáttu og bæta nám þeirra, til dæmis með því að koma upp styttri námsbrautum, tólmundauurræðum og viðurkenningu á námi sem stundað er, til dæmis í símenntunarstöðvunum.
- Boðið verði upp á fjölbreyttara nám fyrir ungt fólk en er í dag; lýðháskóli, starfstengt nám o.fl. sem hentar þeim sem verr gengur að fóta sig í framhaldsskólunum í dag.
- Mikilvægt að gefa öllum unglingum kost á að stunda íþróttir óháð efnahag.
- Betri tengingu vantar milli hópa, svo sem ríkis og sveitarfélaga og ólíkra stofnana og samtaka.
- Ákvarðanavald þarf að vera skýrt í málefnum hópsins. Þá sé ljóst að forgangsraða þurfi hópum eftir aðstæðum. Fram hafa komið hugmyndir um að greiða ungu fólki einhvers konar skólalastyrki sem eru í gildi lágmarkslauna þar sem þjóðfélagið hafi ekki efni á að skilja þennan hóp útundan. Erfiðleikarnir aukist eftir því sem lengri tími líður og kostnaðurinn jafnhliða.

Í tengslum við verkefni velferðarvaktarinnar í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar var vinnuhópur um stöðu ungs fólks falið að skoða tvö verkefni:

10. Leitað verði leiða svo ungu fólki (18–25 ára) í sérstökum aðstæðum verði gert fjárhagslega kleift að stunda nám í framhaldsskóla

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið og samgönguráðuneytið.

Vinnuhópur um ungmenni og ungt fólk í samvinnu við samgönguráðuneytið fari yfir leiðir að þessu markmiði og leggi fram tillögur.

Í skýrslu frá því í mars voru þrjár ábendingar sem vörðuðu þetta verkefni:

- Þjóða upp á atvinnuleysisbætur með námi eða námslán.
- Standa vörð um jöfnunarstyrkinn en þó mætti hugsa sér að árangurstengja hann.
- Draga úr kostnaði nemenda við skólagöngu, svo sem vegna námsgagna, samgangna, heimavistar og mötuneyta.

Vinnuhópurinn setur fram eftirfarandi tillögur:

1. Félagspjónusta sveitarfélaga er lykilaðili í að takast á við þetta verkefni. Sveitarfélög þurfa þegar að móta aðgerðir til að bregðast við og þau þeirra sem ekki hafa svigrúm í núverandi reglum, sbr. atriði nr. 2, þurfa að breyta sínum reglum.
2. Mikilvægt er að nýta það kerfi sem til er. Þau sveitarfélög sem gera ráð fyrir sérstökum stuðningi/úrræðum í sínum reglum (slíkt er til dæmis þegar til staðar hjá Reykjavíkurborg) eiga möguleika á og þurfa að virkja það kerfi til að ná þessu marki.
3. Bókakaupastyrkir verða að vera í boði og draga þarf úr bókakostnaði, til dæmis með því að námsefni sé í meira mæli á rafrænu formi.
4. Framhaldsskólar þurfa að bjóða upp á greiðslufrest eða -dreifingu á skólagjöldum. Í sérstökum aðstæðum getur þurft að fella þau niður.
5. Auka þarf sveigjanleika þannig að ungu fólki á atvinnuleysisbótum sé leyfilegt að stunda einingabært nám á hefðbundnum dagvinnutíma í stað þess að það verði að vera kvöldnám. Slík heimild gæti verið miðuð við ákveðin aldursmörk.
6. Huga þarf að upphæð dreifbýlisstyrkja til ungmenna sem búsett eru á svæðum þar sem enginn framhaldsskóli er (velferðarvaktinni hefur borist erindi sérstaklega vegna slíkra aðstæðna).

Þá kom vinnuhópurinn að eftirfarandi verkefni:

12. Ríkisstofnanir og sveitarfélög verði sérstaklega hvött til að nýta sér þær fjölmörgu vinnumarkaðsaðgerðir sem starfræktar eru á vegum Vinnumálastofnunar, þar á meðal gerð starfsþjálfunarsamninga. Jafnframt verða þau sveitarfélög sem hafa til þess fjárhagslegan burð hvött til að ráðast í sérstök átaksverkefni á komandi mánuðum sem og að gera sér áætlanir um fjölda fyrirhugaðra ráðninga nýrra starfsmanna á komandi sumri 2009. Verði þau sérstaklega hvött til að skipuleggja vinnuskóla fyrir ungmenni og önnur sambærileg úrræði, ráða til sín fólk með starfsmenntun en litla eða enga starfsreynslu í faginu í allt að sex mánaða starfsþjálfun sem og ungt fólk sem var að taka sín fyrstu skref á vinnumarkaði eða að hefja störf að nýju eftir nokkurt hlé á árinu 2008.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.


Velferðarvaktin sendir ríkisstofnunum og sveitarfélögum bréf með hvatningu um framangreint.

Formenn hópanna um fólk án atvinnu og um ungt fólk leggi fram tillögur með hvaða hætti velferðarvaktin geti veitt verkefninu brautargengi.


Vinnuhópurinn setur fram eftirfarandi tillögur:

1. Velferðarvaktin óski eftir að ríkisstofnanir og sveitarfélög geri áætlanir um hvernig þessir aðilar ætla sér að nýta vinnumarkaðsaðgerðirnar eða hafa nýtt sér þær þegar. Þessu yrði síðan safnað saman í gagnagrunn á heimasvæði velferðarvaktarinnar. Á einhverjum tímapunkti yrði síðan vakin sérstaklega athygli á þeim sveitarfélögum og stofnunum sem þetta hefðu gert.
2. Best væri ef þessum aðilum væri skylt að gera þetta en fyrir þannig kröfu er ekki stoð í lögum eða reglum. Skoða ætti hvort taka ætti slíkt upp.


Þá vill vinnuhópurinn koma á framfæri þeirri ábendingu varðandi verkefni nr. 18 sem varðar það að fylgjast með þátttöku barna í frístunda- og tómstundastarfi að í Reykjavík liggja þessar upplýsingar að mestu fyrir í gegnum frístundakortin.




Hlutfall þriggja yngstu aldurshópanna af heildarfjölda atvinnulausra samkvæmt tölum frá Vinnumálastofnun.



Hlutfall 15–24 ára af heildarfjölda atvinnulausra samkvæmt tölum frá Vinnumálastofnun apríl 2009–maí 2009.



Fjöldi atvinnulausra 15–19 ára, 20–24 ára og 25–29 ára frá janúar 2004 til maí 2009.



Fjöldi umsækjenda hjá atvinnumiðlun ungs fólks hjá Hinu húsinu 2001–2009 (nýjustu tölur byggja á áætlun).

